

## Fundargerð Háskólaráðs 10. júní 2014

### Staðsetning: Guðmundarstofa 15:30

**Mættir:** Vilhjálmur Egilsson, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Þorvaldur Jónsson, Jón Freyr Jóhannsson, Sigtryggur Arnþórsson, Ólafur Ísleifsson, Andrea Valgeirsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson, og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Sigrún Lilja Einarsdóttir, María Einarsdóttir og Tinna Jóhannsdóttir.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

- a. Fundargerð samþykkt

#### 2. Staða umsókna

- a. Farið yfir umsóknatölurnar. 434 umsóknir komnar og þar af 257 nýjar kennitölur. Rætt um fjarnám/staðnám. Lítur vel út. Síðasta umsóknavikan er að hefjast. Ábending um að vanda þarf til verka þegar ný námskeið eru kennd. Farið sé eftir kennsluáætlun.

#### 3. Rekstrartölur 2014

- a. Farið yfir stöðuna jan-apr, borið saman við áætlun. Nokkur frávik komin hér og þar. Í sumar verða fyrstu 6 mánuðirnir gerðir upp og áætlunin endurskoðuð í ljósi þess. Tekjur eru heldur meiri en áætlun gerði ráð fyrir, skólagjöld lægri en gert var ráð fyrir en breytingin er sú að meira var skráð út af reikningum í maí í ár í stað apríl í fyrra. Rannsóknartekjurnar hærri en áætlun gerði ráð fyrir, það er vegna þess að tilraunaverkefnið um hækkað menntunarstig á vesturlandi kemur þar inn. Greiðslan er komin sem ekki var gert ráð fyrir. Tekjur vegna rannsókna einnig skráðar inn. Kaffihúsið er með mikil umsvif. Sérstakt uppgjör gert fyrir kaffihúsið og tap á þeim rekstri uppá um 3 milljónir en umsvifin meiri en gert var ráð fyrir. Vinnan heldur áfram í kringum það. Launakostnaður var meiri en áætlaður var, skýringarnar eru þær að stundakennsla var meiri, talið að þetta jafni sig. Kaffihúsið með meiri laun en gert var ráð fyrir og rannsóknarsetrin. Húsnæðiskostnaður, tækjakostnaður, kynningarmál eru nokkurn vegin á áætlun. Annar kostnaður hærri en gert var ráð fyrir og má rekja það til kaffihússins. Í lok tímabilsins þegar allt hefur verið gert upp er gert ráð fyrir að reksturinn verði samkvæmt áætlun.

#### 4. Sóknarsvið 2015

- a. Rætt hvar HB eigi að sækja fram. Sókn í símenntun sem er svið í skólanum sem gæti mögulega verið mun stærra en það er í samanburði t.d. við Lbhí og HR. Ekki verið lögð nægileg áhersla á þessa hluti en búið er að ráða inn mann til að fara í þessi mál með okkur (jafnvel fleiri en einn), byggja upp fleiri svið, búa til vörur og reyna að ná upp tekjuflæði í kringum þetta. Fjárfesting í málum sem skila okkur vonandi tekjum í framhaldinu.
- b. Ný grunnnámslína sem farið verði af stað með haustið 2015. Áhersla á þjónustufræði og námskeið sem tengjast þjónustu. Kennt mögulega samhliða ferðaþjónustunni.
- c. Verið að virða hugmyndir um sumarskóla. Til að nýta svæðið betur. International summerschool sem gefur ECTS einingar, prógram sem gengur útá t.d. mannréttindi

eða eitthvað slíkt. Menn kæmu til náms en fengu einnig að upplifa Íslenska náttúru. Erlendir, borgandi einstaklingar. Vonumst til að geta komið þessu í gang í síðasta lagi sumarið 2016.

- d. Rætt um möguleikann á að setja lögfræðina í fjarnámi. Verið að spá í að prófa það fyrst um sinn í meistaranáminu. Eftir að lotukerfið er komið á að prófa þetta. Hugmynd kom uppá fundi um að leyfa nemendum á síðustu önn sem eru að skrifa ritgerð og taka eitt námskeið meðfram fengju að taka námskeiðið í fjarnámi.

## 5. Gæðamál

- a. Mikilvægt að skólinn standi vörð um að útskriftargráður haldi gildi sínu. Gæðastarf er mikilvægt í því samhengi. Háskólinn á Bifröst þarf að fara í ákveðna úttekt sem felst í að sendinefnd kemur í heimsókn í mars 2015 og þar þarf skólinn að gera grein fyrir sínu starfi í sjálfsmatsskýrslum einstakra fagssviða og stofnunarinnar í heild. Þessi vinna er í fullum gangi. Gert er ráð fyrir að skýrslurnar verði tilbúnar 1. desember 2014. Birt hefur verið ítarleg greinagerð um gæðastarf skólans á heimasíðu skólans. Markmiðið er að allir séu upplýstir, í vinnunni er gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda. Gæðastarfið mun þróast í rás tímans. Verkefnið gengur vel og er á áætlun. Leitað hefur verið til margra starfsmanna og nemenda við vinnuna og allir tekið því mjög vel. Í Háskólanum á Bifröst er almenn vitund á virku gæðastarfi sem tekur í raun aldrei enda. Framkvæmdastjóri gæðamála fer vel yfir stöðu mála. Ábending frá nemendum, kennarar lesi ekki reglur skólans. Alltaf verið að velta því upp hvernig tryggja megi að kennarar og allir aðilar séu vel upplýstir um regluverk skólans. Staðið/fallið reglan, passa að slíkt fari fyrir fagráð. Rætt.

## 6. Samþykkt gæðaskjala

- a. Farið yfir skjalið „Reglur um nám og kennslu“ (Gæðaskjal F110). Rætt. Skjal sent á fundarmenn og þeir beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eigi síðar en 16. júní. Athugasemd um að gagnalaus próf séu ekki tekin á tölvu. Fagráð er þegar að skoða forrit svo sem Exam2 og Exam4. Háskólaráð upplýst um að forritið Exam2 verði prófað í námskeiði á sumarönn 2014.

## 7. Ritstuldarmál

- a. Farið yfir málið. Nemandi varð uppvis um ritstuld í lokaverkefni. Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu vísaði málinu til fagráðs. Fagráð úrskurðaði að nemandinn skyldi fá 0 fyrir námskeiðið og mæltist til að rektor veitti nemandanum áminningu. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við að rektor veiti nemandanum áminningu.

## 8. Erindi Sigurðar Hrafnkelssonar

- a. Farið yfir málið. Fagráð hafnaði beiðni viðkomandi um að fá úrbótar lokaverkefni á grundvelli þess að of langt sé um liðið frá því námskeiðið var. Nemandi áfrýjar niðurstöðu fagráðs til háskólaráðs. Miklar umræður sköpuðust innan háskólaráðs varðandi hvar ábyrgðin liggur, hjá kennaranum, hjá skrifstofu skólans hvað varðar upplýsingaskyldu eða hjá nemandanum sjálfum hvað varðar að fylgjast ekki nægilega vel með og óska eftir úrbótar lokaverkefni of seint. Fundarmenn telja að rannsaka þurfi hvort nemandinn hafi gert einhverjar athugasemdir við kennara eða aðra starfsmenn skólans fyrr og hvaða upplýsingar hann fékk. Afgreiðslu málsins frestað þar til þær upplýsingar liggja fyrir. Rektor rannsakar málið og kallar til annars fundar með stuttum fyrirvara.



**9. Stefnunótunarfundur 12. september**

- a. Árið 2013 fór framkvæmdastjórnin yfir öll málin í skólanum og búnar voru til á annað hundrað glærur. Stefnunótunarvinna sem kynnt var á háskólafundi. Í ár er verið að spá í að stækka hópinn og gert ráð fyrir aðilum háskólaráðs í þessum stefnunótunarfundi og aðilum af skrifstofunni.

**10. Háskólafundur 12. Júní**

- a. Fundur sem haldinn verður í hádeginu 12. júní. Skrá þarf sig á fundinn og á fundinum verður farið yfir stöðu mála, stöðuna í skólanum. Boðið er til hádegisverðar, kynning og í kjölfarið umræður. Nemendafulltrúi segir frá að nemendur vilji fjölmenna á fund og fá upplýsingar um hækkaða leigu á svæðinu.

**11. Önnur mál**

- a. LÍN. Nemendur fá misvísandi svör frá LÍN og skólanum um hvort upplýsingar hafi skilað sér til LÍN. Starfsmenn Háskólans á Bifröst eru mjög meðvitaðir um þetta mál og hafa verið í miklum samskiptum við tengiliði innan LÍN. Tenging milli MySchool og LÍN hefur ekki gengið eins vel og vonast var til. Skólinn hefur sent allar upplýsingar.

Fundi slitið kl. 17:35